



Landfræði - LAN2A05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Óttar Ólafsson

Netfang/netföng:

ottar.olafsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um samspil manns og náttúru á Jörðinni með áherslu á þróun í átt til sjálfbærni. Kynnt eru grunnhugtök sjálfbærni og tengsl hennar við hagfræði, gerð grein fyrir algengum sjálfbærnisvísu, náttúrusiðfræði og þróun umhverfismála á heimsvísu. Meginefni áfangans fjallar síðan um samspil og jafnvægi umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélagsins. Gerð er grein fyrir fólksfjölgun, orsökum hennar og afleiðingum. Fjallað um helstu náttúruauðlindir með áherslu á Ísland, verndun þeirra og nýtingu. Nemendur læra um helstu viðfangsefni í umhverfismálum nútímans eins og mengun og veðurfarsbreytingar. Fjallað er um heilsusamlegt umhverfi, örugga förgun úrgangsefna og endurvinnslu. Lögð er sérstök áhersla á aðferðafræði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs varðandi viðfangsefni sem tengjast þróun í átt að sjálfbærni.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á;

- hvað felst í sjálfbærni og sjálfbærri þróun,
- hvaða gildismat liggur að baki sjálfbærni,
- tengslum sjálfbærni og hagfræði,
- þeim vandamálum sem felast í mikilli fólksfjölgun og jafnrétti innan og milli kynslóða,
- helstu náttúru-auðlindum á Íslandi og stjórnun þeirra,
- helstu umhverfisvandamálum í heiminum, orsökum þeirra og afleiðingum,
- mengun og úrgangi, úrgangsförgun og endurvinnslu.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að;

- tengja saman sjálfbæra þróun og daglega breytni,
- taka afstöðu til hluta í daglegu lífi sínu í samræmi við markmið um sjálfbærni,
- rökstyðja afstöðu sína til helstu umhverfisverkefna í samræmi við vísindalegar niðurstöður, flokka úrgang og farga spilliefnum,
- endurnýta og endurvinnna úrgang,
- skilja mikilvægi náttúrunnar og góðrar umgengni um hana með áherslu á Ísland.

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að;

- taka afstöðu til og lifa í samræmi við sjálfbæra þróun samfélagsins sem metið er með verkefnum;
- skilja samhengið á milli félagslegra þátta, efnahagslífs og umhverfis í sjálfbærri þróun samfélagsins sem metið er með verkefnum;
- átta sig á hvernig jafnrétti innan og milli kynslóða er forsenda sjálfbærni sem metið er með verkefnum;
- draga út mengun og förgun úrgangs sem metið er með verkefnum;
- skilja mikilvægi endurnýtingar og endurvinnslu sem metið er með verkefnum.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi en í því felst að nemendur vinna verkefni sem öll eru metinn til einkunnar.

Verkefni 1-9: Nemendum eiga að vinna tímaverkefni sem tengjast kennslubókinni eða viðfangsefnum hennar og skila þegar hlutapróf í viðkomandi efni eru haldin. Öll verkefni eru einstaklingsverkefni og þeim á að skila handskrifuðum í plastmöppu. Lögð er áhersla á frágang og endurorðun. Sum verkefni eiga nemendur að kynna fyrir öðrum í hópnum. Gilda samtals 67%

Hlutapróf 1-3: Þrisvar yfir önnina eru hlutapróf úr námsefni 3 – 5 vikna og eru þau unnin í kennslustund. Ef nemendur eru veikir í hlutaprófum fá þeir tækifæri til að þreyta þau í lok annar. Nemandi má búast við að sýna fram á veikindi með læknisvottorði. Gilda samtals 33%

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5,0.

Áfanginn er fimm feiningar (5 fein.) sem felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði um tvær klukkustundir á viku.

Námsgögn:

Óttar Ólafsson: **JÖRD Í JAFNVÆGI – sjálfbær þróun á 21. öld.** (2014). Fæst hjá Mennt er Máttur sf. Nánari upplýsingar á INNU undir Efni. Að auki fjölfaldað efni frá kennara og annað efni sem tengist áfanganum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn byggir á hugmyndafræði verkefnamiðaðs leiðsagnarnáms þar sem áhersla er á sjálfstæða vinnu nemenda og reglulega endurgjöf kennara. Gert er ráð fyrir að nemendur skili að meðaltali 2 klst. heimavinnu á viku í áfanganum yfir önnina en inni í því felst að lesa 5-15 bls. í kennslubók. Vegna þess að áfanginn er verkefnamiðaður eru gerðar ákveðnar kröfur til verkefnaskila m.a. hvað varðar málfar, réttitun, uppbyggingu, frágang og heimildanotkun. Nemendur fá nánari upplýsingar um frágang og fyrirgjöf á verkefnum undir Efni á INNU. Ekki er tekið við verkefnum sem send eru með tölvupósti og verkefnum á INNU sem hafa krækju á t.d. Google Docs. Gefin er fjarvist (F) ef nemendur mæta seinna en 10 mínútur í kennslustund.

| Vika | Dags. | Námstættir | Námsmatstættir |
|------|-------------------|--|--|
| 1 | 5.-6. janúar | | |
| 2 | 9.-13. janúar | 1. Kafli: Umhverfið og sjálfbær þróun. 7. bls. | Verkefni 1: Páskaeyja: Hvaða lærdóm má draga af henni? 5% |
| 3 | 16.-20. janúar | 1. Kafli: Umhverfið og sjálfbær þróun. 7. bls. | Verkefni 2: Spurningar úr 1.-3. Kafla. 8% |
| 4 | 23.-27. janúar | 2. Kafli: Hagfræði og umhverfið. 8. bls. | |
| 5 | 30. jan- 3. febr. | 3. og 4. Kafli: Alþjóðleg umhverfisstefna og fólksfjöldabreytingar 13. bls. | Verkefni 3: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. 8% |
| 6 | 6.-10. febr. | 5. Kafli: Spár um fólksfjölgun á þessari öld. 6 bls. | Skóhlífardagar Hlutapróf 1: Hlutapróf úr köflum 1-3. 11% |
| 7 | 13.-17. febr. | 6. Kafli: Maðurinn og umhverfi hans. 7. bls. | Vörðuvika I Verkefni 4: Fólksfjölgun í heiminum. 8% |
| 8 | 20.-23. febr. | 7. og 8. Kafli: Auðlindastjórnun og hafið. 12 bls. | Vorannarhlé |
| 9 | 28. febr.-3. mars | 8. Kafli: Hafið. 12 bls. | Verkefni 5: Spurningar úr 8.-9. Kafla. 8% |
| 10 | 6.-10. mars | 9. Kafli: Sjávarútvegur. 10 bls. | |
| 11 | 13.-17. mars | 10. og 11. Kafli: Lofthjúpur jarðar og mengun andrúmsloftsins. 14 bls. | Hlutapróf 2: Hlutapróf úr köflum 4-9. 11% |
| 12 | 20.-24. mars | 12. og 13. Kafli: Stjórnun loftmengunar og hvað orsakar veðurfarsbreytingar. 12 bls. | Vörðuvika II Verkefni 6: Spurningar úr 10.-12. Kafla.. 8% |
| 13 | 27.-31. mars | 14. og 15. Veðurfarsbreytingar og áhrif veðurfarsbreytinga. 9 bls. | Valdagur Verkefni 7: Orsakir loftslagsbreytinga. 8% |
| 14 | 3.-11. apríl | PÁSKALEYFI | |
| 15 | 12.-14. apríl | 16. og 17. Kafli: Viðbrögð við veðurfarsbreytingum og orka. 11 bls. | |
| 16 | 17.-21. apríl | 16. og 17. Kafli: Viðbrögð við veðurfarsbreytingum og orka. 11 bls. | Sumardagurinn fyrsti Hlutapróf 3: Hlutapróf úr köflum 10—16.. 11% |
| 17 | 24.-28. apríl | 18. Kafli: Jarðefnaeldsneyti. 8 bls. | |
| 18 | 1.-5. maí | 19. kafli: Endurnýjanleg orka. 13 bls. | Verkefni 8: Spurningar úr 17.-19. Kafla. 8% |
| 19 | 8.-12. maí | 20. Kafli: Úrgangur. 8 bls. | Verkefni 9: Heimsókn og skýrsla. 6% |
| 20 | 15.-16. maí | 20. Kafli: Úrgangur. 8 bls. | Síðasti kennsludagur Varða III |

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar sem verða tilkynntar nemendum jafnóðum.